

Fram hrjáðir menn í þúsund löndum

Bókarhöfundur: Þór Whitehead

Bókarheiti: **Sovét Ísland Óskalandið: Aðdragandi byltingar sem aldrei varð (480 bls.)**

Gagnrýnandi: **Dr. Stefanía Óskarsdóttir**, stjórnmálafræðingur

Útgáfa: **Útgáfufélagið Ugly, Reykjavík 2011, 364 bls.**

Samantekt:

Meginþráðurinn í bókinni *Sovét Ísland Óskalandið* er sá að stjórn landsins hafi staðið ógn af byltingarstarfsemi kommúnista en þeir hafi í mörgu lotið fyrir mælum frá Moskvu. Rekur höfundur ýmis dæmi þessa og leitast enn fremur við að sýna fram á að kommúnistum hafi sannarlega verið stjórnað frá Moskvu. Um hið síðara hafa íslenskir fræðimenn þó deilt. Í lok bókar sinnar setur Þór fram þá áhugaverða tilgátu að ástæða þess að Ísland gerði varnarsamning við Bandaríkin 1946 hafi verið ógnin sem stóð af innlendum kommúnistum.

Átök tveggja andstæðra póla er kjarni þeirrar sögu sem rakin er í bókinni *Sovét Ísland Óskalandið*. Sögusviðið er Ísland frá 1921 til þess tíma þegar varnarsamningur var gerður við Bandaríkin 1946. Þessu lýsir höfundurinn, Þór Whitehead, svo að í bókinni sé rakin „saga deildar í heimsbyltingarflokki og arftaka hennar, sem settu sér það opinbera markmið að steypa stjórn- og hagskipulagi Íslands með byltingu, ofbeldi“ (s. 424). Síðan bætir hann við að í bókinni séu rakin viðbrögð íslenska ríkisins og hinna stjórnmálaflokkanna við byltingarflokknum.

Í ítarlegu máli dregur höfundur upp mynd af byltingarstarfi íslenskra kommúnista sem hafi, eins og fyrr segir, unnið að því að skapa jarðveg fyrir sósíalíska byltingu hérlendis. Bakhjarl þeirra voru Sovétríkin sem höfðu sett sér það markmið að stuðla að heimsbyltingu kommúnista. Það var m.a. liður í öryggisstefnu hins nýja ríkis sem var reist eftir byltingu og blóðugt borgarastrið á árunum 1917–1921. Á þeim tíma tókst kommúnistum (bolsévíkum) undir forystu Leníns að treysta yfirráð sín yfir mest öllu rússneska keisaradæminu; færa jarðir og aðrar eigur fólks í ríkiseign en því verkefni lauk Stalín nokkru síðar; og koma á pólitísku skipulagi sem byggði á einræði forystu kommúnistaflokksins. Árið 1919 stóð sama forysta kommúnista að stofnun Þriðja alþjóðasambands kommúnista (Komintern). Því var ætlað að berjast á heimsvísu gegn borgarastéttinni og hefðbundnu ríkisvaldi en koma þess í stað á sovésku þjóðskipulagi.¹ Sambandið leysti af hólmi eldri alþjóðasamtök sem höfðu klofnað vegna ólíkrar afstöðu til fyrri heimsstyrjaldarinnar og ágreinings um hvort hægt væri að innleiða sósíalísma eftir þingræðislegum leiðum.

Um þessar ytri aðstæður er hins vegar lítið fjallað í *Sovét Ísland Óskalandið* enda er Ísland, eins og fyrr segir, sögusviðið. Einnig er lítið komið inn á þá liðssöfnun (e. mobilization) sem almennt átti sér stað innan lýðræðisríkja meðal þeirra sem stóð ógn af kommúnisma, og myndun bandalags vestrænna ríkja gegn Sovétríkjunum. Þessi átök á alþjóðavísu leiddu til þess að skömmu eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk varð til tvíþóla skipan heimsmála sem einkenndist af samkeppni og togstreitu á milli tveggja heimsvelda, þ.e.a.s. Bandaríkjanna og Sovétríkjanna en að baki þeim stóðu Atlantshafsbandalagið annars vegar og Varsjárbandalagið hins vegar. Næstu áratugina tókst fáum ríkjum að standa utan áhrifa þessara tveggja heimsvelda. Sér í lagi átti það við um smærri ríki á jafri þeirra. Þar reyndu bæði Sovétríkin og Bandaríkin að hafa áhrif á gang stjórnmála enda var ávinningurinn af slíkum afskiptum kannski einmitt mestur þar. Upphaflega höfðu Sovétríkin nokkurt forskot á Bandaríkin í þessum efnum vegna þess að byltingarstefna þeirra hafði alþjóðlegan vinkel, sbr. það sem að ofan segir. Bandaríkin tóku þó duglega við sér við lok síðari heimsstyrjaldarinnar en þá þótti blasa við að forysta Sovétríkjanna ætlaði sér stóra hluti í landvinningum þegar landamæri væru dregin á nýjan leik.²

Kannski hefði höfundur mátt rekja betur þessa forsögu til að styrkja undirstöðu frásagnarinnar. Jafnvel fólk á besta aldri man ekki þessa tíma né þekkir það nokkuð til þeirra manna og kvenna sem mest ber á í umfjöllun Þórs. Því kann slíkum lesendum að finnast margt með ólíkindum í bókinni, s.s. það að nokkur hafi heillast af sovétskipulaginu og viljað koma því á hérlendis. Þannig er t.d. orðið mjög langt síðan að íslenskir vinstrimenn kenndu sig við kommúnisma opinberlega. Orðið *kommúnisti* lifir samt áfram í málinu en þá sem skammryrði hægrianna um vinstrimenn. Slík orðanotkun hefur þó alveg misst tenginguna við hina réttu hugmyndafræðilegu merkingu.

Sovét Ísland Óskalandið hefst hins vegar á frásögn af því að ritstjóri *Alþýðublaðsins*, Ólafur Friðriksson, kemur heim 1921 eftir nokkurra mánaða dvöl í Rússlandi þar sem hann sat m.a. þing Komintern. Með honum var munaðarlaus unglingspiltur af gyðingaættum sem Þór segir að hafi átt að hjálpa Ólafi í samskiptum við byltingaröflin í Moskvu. Nokkru síðar spinnast miklar deilur við yfirvöld vegna augnveiki piltisins. Þær leiða til ryskinga við lögregluna og útkalls varaliðs skipað mönnum sem Ólafur og fylgismenn hans vantreystu. Svo virðist sem þeir hafi túlkað aðgerðir lögreglu yfirvalda sem lið í alþjóðlegum kúgunaradgerðum auðvaldsins. Aftur á móti þótti öðrum annað ótækt en að Ólafur færi að landslögum. Og þar sem fámennt lögreglulið væri gjörsamlega vanbúið til að takast á við hóp manna, sem veitti því viðnám, væri nauðsynlegt að þjálfa sveit borgara til að verja ríkisvaldið þegar að því væri sótt. Verður úr þessu nokkur liðssöfnun á báða bóga og jafnvel taka fylkingarnar að vígbúast og sækja sér þjálfun eftir því sem fram kemur í bókinni. Í henni er einnig öðrum bardögum lýst, s.s. Guttóslagnum árið 1932 og ryskingum vegna verkfalla.

Meginþráðurinn í sögu Þórs er sá að stjórn landsins hafi staðið ógn af byltingarstarfsemi kommúnista sem hafi í mörgu lotið fyrir mælum frá Moskvu. Rekur höfundur ýmis dæmi þessa og leitast enn fremur við að sýna fram á að kommúnistum hafi sannarlega verið stjórnað frá Moskvu. Um hið síðara hafa íslenskir fræðimenn þó

deilt. Í lok bókar sinnar setur Þór fram þá áhugaverða tilgátu að ástæða þess að Ísland gerði varnarsamning við Bandaríkin 1946 hafi verið sú ógn sem stóð af innlendum kommúnistum. Þannig hafi baráttan við þá á árunum á undan leitt í ljós afar veikburða lögregluvald. Mönnum hafi því orðið sífellt betur ljóst að eina leiðin til að tryggja öryggi ríkisins hafi verið að gera slíkan varnasamning (bls. 426-430).

Tilgátan er athyglisverð því hefðbundnara er að líta svo á að staða Íslands í alþjóðakerfinu hafi skipað því á áhrifasvæði Bretlands og síðar Bandaríkjanna. Rússagrýlan margfræga hefur líka oftast verið talin eiga ættir að rekja til Sovétríkjanna en ekki Íslands. En auðvitað er það rétt athugað hjá Þór að menn meta stöðuna gjarnan út frá þeirri glímu sem þeir standi í hverju sinni. Og ekki má gleyma því að stjórnmálaleg þróun mótast bæði af innlendum og alþjóðlegum áhrifabáttum. Bókin er því áhugavert framlag til betri skilnings á innlendum áhrifabáttum sem mótuðu utanríkisstefnu Íslands eftir stofnun lýðveldisins. Hún vekur jafnframt upp fjölmargar nýjar spurningar sem áhugavert er fyrir nemendur og fræðimenn að leita svara við. Ein þeirra er t.d. sú hvort Ísland hefði getað staðið utan Atlantshafsbandalagsins ef styrkur Sósíalístaflokksins hefði verið minni. Annað áhugavert rannsóknarefni sem kemur upp í hugann við lestur bókarinnar er hvernig ógn sem menn skynja (e. perceived threat) mótar atferli þeirra alveg óháð raunverulegri ógn. Sagan sýnir t.d. að í röðum vinstrimanna lutu kommúnistar í lægra haldi. Stjórnmálabarátta vinstrimanna beindist einnig í þingræðislegan farveg með því sérkenni að Sósíalístaflokkurinn hafði ívið fleiri þingmenn en Alþýðuflokkurinn frá 1942. Þessi staðreynd hafði síðan aftur áhrif á möguleika á myndun meirihlutastjórna í fjögurra flokka kerfi. Það varð til þess að aðrir flokkar lögðu lengst af áherslu á að samlaga (e. co-opt) sósíalísta að íslenskum stjórnmálum frekar en að einangra þá. En þar með öðluðust sósíalístar einnig aukinn trúverðugleika meðal kjósenda sem aðhylltust ekki endilega afnám eignarréttarins og áætlunarbúskap að sovéska fyrirmynd þótt þeir greiddu Sósíalístaflökkin atkvæði sitt. Allt hafði þetta svo er frá leið áhrif á þróun flokksins og stefnu hans óháð vina- tengslum við Moskvu.

Aftanmálgreinar

¹ <http://en.wikipedia.org/wiki/Comintern>

² Vladislav M. Subok. (2007). *A Failed Empire: The Soviet Union in the Cold War from Stalin to Gorbachev*. University of North Carolina Press. Chapel Hill. Bls. 7-10.